

L Ö G

54
23. júní

um

afnám laga nr. 33, 20. okt. 1905, um stofnun geðveikrahælis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 33, 20. okt. 1905, um stofnun geðveikrahælis, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

3. gr.

Þangað til sett verða sérstök geðveikralög skal daggjald á hvorri deild
Kleppsspítala sem er fyrir hvern þann sjúkling, sem þar er á sveitarframfæri,
ekki fara fram úr kr. 1.50 á meðan lækna spítalans telja honum vistina þar
nauðsynlega.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.